



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um nagladekk

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Umræða er um nagladekk í Ráðinu og ókosti þeirra sem sjálfsagt eru ekki umdeilanlegir þegar kemur að svifryksmengun og skemmd á malbiki. Flokkur fólksins kallar eftir rannsóknum frá borgarmeirihlutanum þar sem fram kemur með skýrum og afgerandi hætti að ónegld "góð" vetrardekk séu jafnörugg og negld dekk. Nefna má að fleira veldur svifryki, t.d. flugeldar og umferðarteppur sem eru rótgróið mein víða í borginni. Flokkur fólksins er þó umhugað um öryggi, líf og limi fólks fyrst og fremst. Ef veturinn er snjópungur hér á suðvesturhorninu verða alltaf einhverjir að vera á nagladekkjum hvort sem þeim líkar betur eða verr og alveg án tillits til hversu heilsársdekk eru „góð“. Einnig þeir sem komast ekki inn og út úr götunni sinni á verstu dögum, vegna þess að ekki hefur tekist að ryðja braut út á stofnveg eða búið er að ryðja fyrir innkeyrslur. Þeir sem stundum verða að vera á nagladekkjum eru þeir sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins eða fara títt úr borginni yfir vetratímenn. Borgarmeirihlutinn vill ganga langt í að banna nagladekk og engar undanþágur séu gerðar. Í ljósi þess er mikilvægt að sjá ritryndar rannsóknir sem sýna með afgerandi hætt að ónegld dekk séu jafnörugg og negld. Þessi mál eru dauðans alvara.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 16. nóvember sl.

Svar:

Fjöldi rannsókna hafa verið gerðar á eiginleikum nagladekkja og ónegldra vetrardekkja. Í rannsókn Hjort o.fl. frá árinu 2017 sem birtist í tímaritinu Tire Science and Technology kom fram að ónegld vetrardekk hönnuð fyrir norðlægar aðstæður komu betur út en negld vetrardekk hvað varðar bremsun og stjórn á ökutæki á snjó. Ónegld og negld dekk komu svipað út við blautar aðstæður. Negld dekk komu betur út á ís en ónegld dekk. Mikill munur eru á nýjum og gömlum dekkjum og því er mikilvægt að líta ekki eingöngu á gerð dekkja þegar kemur að öryggi á vegum heldur einnig ástand þeirra og aldur.



Reykjavíkurborg

Systursamtök Félags Íslenskra bifreiðaeiganda í Noregi, NAF, gera árlega dekkjaprófun á vetrardekkjum þar sem rannsakaðir eru margvíslegir eiginleikar dekkja. Frá árinu 2019 hafa ónegld vetrardekk komið best út þegar allir eiginleikar eru skoðaðir.

Að lokum má nefna rannsókn Furberg, Arvidsson og Molander sem birtist í tímaritinu International Journal of Environmental Research and Public Health árið 2018. Var niðurstaða rannsóknarinnar sú að þegar litið er heildrænt á áhrif negldra og ónegldra vetrardekkja hafa negld dekk umtalsvert verri áhrif á heilsu fólks.

Það hefur ekki verið stefna eða vilji borgarinnar að banna notkun á nagladekkjum heldur hefur verið óskað eftir því að heimild verði sett í umferðarlög til að innheimta gjald fyrir notkun á nagladekkjum innan borgarmarka. Nagladekk hafa umtalsvert verri áhrif á heilsu fólks en ónegld vetrardekk og því er mikilvægt vegna lýðheilsusjónarmiða að takmarka notkun þeirra og er gjaldtaka vegna notkunar nagladekkja mikilvægur þáttur í því markmiði.

Beðist er velvirðingar á seinu svari.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri